

## Níu mánaða uppgjör Landsvirkjunar

### Metafkoma en blikur á lofti í raforkumálum

#### Helstu atriði árshlutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 290 milljónum USD (39,7 mö.kr.), en var 228,5 milljónir USD á sama tímabili árið áður og jókst því um 26,9% þrátt fyrir mjög góða afkomu á síðasta ári.<sup>1</sup>
- Hagnaður tímabilsins var 159,4 milljónir USD (21,8 ma.kr.), en var 203,8 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Á síðasta ári skilaði hagnaður Landsnets hluta af niðurstöðu ársins, en Landsnet var selt um síðustu áramót.
- Rekstrartekjur námu 495,4 milljónum USD (67,9 mö.kr.) og hækka um 62 milljónir USD (14,3%) frá sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 283,2 milljónir USD (38,8 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok september 564,8 milljónir USD (77,4 ma.kr.).
- Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur lækkuðu umtalsvert og námu 9,2 milljónum USD (1,3 mö.kr.) en voru 23,6 milljónir USD (3,2 ma.kr.) á sama tímabili árið áður.
- Handbært fé frá rekstri nam 362,6 milljónum USD (49,7 mö.kr.), sem er 24,8% hækkun frá sama tímabili árið áður.

#### Hörður Arnarson, forstjóri:

„Allt stefnir í að árið 2023 verði besta rekstrarár í sögu Landsvirkjunar. Á fyrstu níu mánuðum ársins jókst hagnaður af grunnrekstri um tæp 27 prósent frá árinu 2022, sem þó var metár. Þrátt fyrir umtalsverða verðlækkun á tímabilinu á orku- og hrávörumörkuðum, en raforkuverð til stórnotenda er að hluta til tengt þróun þessara markaða, jukust raforkutekjur um rúm 14% frá sama tímabili ársins áður. Skýrist það af áhættuvörnum, sem seinka áhrifum verðlækkana. Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur halda áfram að lækka eins og undanfarin ár, vegna lækkandi skulda og nú aukinna vaxtatekna. Í dag bera 77% lána okkar fasta vexti og breytast þeir því ekki þótt vextir hækki á fjármálamörkuðum.


Handbært fé frá rekstri nam nærri 50 milljörðum króna á tímabilinu, sem er nærri fjórðungshækkun frá sama tíma árið áður. Áfram lækkuðu nettó skuldir, um tæpa 39 milljarða króna, og lykilhlutfallið nettó skuldir sem hlutfall af EBITDA-rekstrarhagnaði er nú komið niður í 1,1, sem er á meðal þess besta sem gerist hjá sambærilegum fyrirtækjum. Eins og fram hefur komið áður þýðir þessi bættu skuldastaða að geta fyrirtækisins til þess að greiða arð til eigna sinna, íslensku þjóðarinnar, hefur aukist til muna.

Þótt rekstur Landsvirkjunar gangi framur vonum um þessar mundir eru blikur á lofti í raforkumálum þjóðarinnar. Fyrirsjáanleg er aukin orkuþörf, vegna orkuskipta og almenns vaxtar atvinnulífsins og nú ríður á að byggja upp frekari raforkuvinnslu til að anna henni. Við hjá Landsvirkjun vinnum nú hörðum höndum að því að afla tilskilinna leyfa svo hægt sé að hefja framkvæmdir við þær nýju virkjanir sem eru forsendur fyrir þeim mikilvægu breytingum sem framundan eru.“

<sup>1</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 137


## Rekstur

### Rekstrartekjur




Raforkusala heldur áfram að vera mjög sterk, enda er eftirspurn það mikil að raforkukerfið er fullselt. Dregið hefur úr tekjum frá raforkusölu á árinu samhliða lækkunum á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum. Rekstrartekjur hækka þó á milli ára vegna áhrifa áhættuvarna.

### EBITDA og EBITDA hlutfall




Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og virðisýrnun, EBITDA, nam 123 m. USD á þriðja ársfjórðungi og eykst um 15% á milli ára.

### Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 94m. USD á þriðja ársfjórðungi og eykst um 27% á milli ára.


### Áhrifabættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði




### Sterk fjárhagsstaða

Landsvirkjun hefur lagt mikla áherslu á að lækka skuldir síðustu ár. Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins. Frá áramótum hafa nettó skuldir lækkað um 283 m. USD.

## Nettó skuldir og eiginfjárlutfall



Handbært fé nam 212 m. USD í lok september 2023 og hefur hækkað um 61 m. USD frá áramótum.



## Horfur í rekstri

Eftirspurn eftir raforku heldur áfram að vera það mikil að raforkukerfið er fullselt. Unnið er að því að afla tilskilinna leyfa fyrir frekari uppbyggingu orkuvinnslu. Þessi mikla eftirspurn hefur vissulega jákvæð áhrif á horfur í rekstri, en afkoma mun einnig halda áfram að litast á verðþróun á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum.

Reykjavík, 10. nóvember 2023

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni  
s. 515 9000

## Um árshlutareikninginn

Árshlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í bandaríkjadölum sem er starfrækslugaldmiðill félagsins.

## Helstu stærðir árshlutareiknings í þúsundum bandaríkjadala:

	2023	2022	2021	2020	2019
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	431.314	515.423	377.027	273.333	316.206
Innleystar áhættuvarnir .....	64.049	( 82.023)	( 33.592)	4.906	6.956
<b>Rekstrartekjur samtals</b> .....	495.363	433.400	343.435	278.239	323.162
Rekstrar- og viðhaldskostnaður .....	( 117.422)	( 114.295)	( 111.434)	( 99.868)	( 106.113)
<b>EBITDA</b> .....	377.941	319.105	232.001	178.371	217.049
Afskriftir og virðisryrnun .....	( 79.325)	( 81.214)	( 80.690)	( 73.410)	( 78.241)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b> .....	298.616	237.891	151.311	104.961	138.808
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 9.300)	( 27.529)	( 30.294)	( 34.143)	( 41.670)
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага .....	644	18.178	17.712	15.190	17.138
<b>Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði</b> .....	289.960	228.540	138.729	86.008	114.276
<b>Óinnleystir fjármagnsliðir:</b>					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða .....	( 34.041)	39.384	49.242	( 6.384)	( 7.780)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða .....	8.671	16.471	( 58.987)	( 4.541)	( 3.046)
Óinnleystur gjaldeyrismunur .....	( 8.481)	23.817	7.942	64	13.737
	( 33.851)	79.672	( 1.803)	( 10.861)	2.911
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	256.109	308.212	136.926	75.147	117.187
Tekjuskattur .....	( 96.682)	( 104.391)	( 44.233)	( 22.258)	( 37.690)
<b>Hagnaður</b> .....	159.427	203.821	92.693	52.889	79.497
<b>Efnahagur</b>	<b>30.9.2023</b>	<b>30.9.2022</b>	<b>30.9.2021</b>	<b>30.9.2020</b>	<b>30.9.2019</b>
Eignir samtals .....	3.773.748	3.869.482	3.785.118	3.718.720	3.817.925
Eigið fé samtals .....	2.314.554	2.295.440	2.143.914	2.087.403	2.085.460
Skuldir samtals .....	1.459.194	1.574.042	1.641.204	1.631.317	1.732.465
Nettó skuldir .....	564.841	839.547	1.135.208	1.283.149	1.459.469
<b>Lykiltölur</b>					
Handbært fé frá rekstri .....	362.613	290.531	189.084	133.948	168.192
Fjárfestingar .....	( 12.157)	1.163	( 7.825)	59.286	( 11.364)
Fjármögnun .....	( 291.388)	( 150.760)	( 121.339)	( 192.280)	( 189.246)
Lausafé alls .....	337.220	353.323	269.442	371.635	283.031
Eiginfjárlutfall .....	61,3%	59,3%	56,6%	56,1%	54,6%
Arðsemi eiginfjár .....	5,1%	11,5%	5,2%	3,7%	5,3%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld) .....	29,57x	11,82x	7,39x	5,57x	5,29x
Nettó skuldir / EBITDA .....	1,10x	2,00x	3,77x	4,97x	5,00x

## Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.